

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Erum einnig á visir.is og mbl.is

JÚLÍ 2022

7. tbl. 29. árg.

EINFALT OG ÞÆGILEGT

Pantaðu lyfin
á lyfjaval.is

Veldu að sækja í
næsta apótek eða
fáðu sent heim.

Lyfjaval

Vertu tilbúin/n þegar draumaeignin kemur í sölu

Skráðu eignina til sölu hjá mér.
Ég sendi atvinnuljósmyndara
að taka myndir þér að
kostnaðarlausu.

Ég geri allt klárt og þegar
draumaeignin kemur í sölu þá
setjum við þína eign í sölu og
höldum opið hús áður en opna
húsið í draumaeigninni er haldið.

Ef þú færð ekki draumaeignina
þá greiðir þú ekkert.



Frítt verðmat!

ÞORLÁKUR
S: 699 4675
thorlukur@fastlind.is

LIND
FASTEIGNASALA
fastlind.is | nyjaribudir.is

Frábær stemning í útilegu



Rúmlega 100 unglingar fóru
fyrir sumarfrí í útilegu með
félagsmiðstöðvunum Bakknum,
Hólmaseli og Hundrad&ellefu.
Tjaldað var við félagsheimilið
Brún í Bæjarsveit þar sem við
vorum með tjaldsvæði út af fyrir
okkur og aðgang að sundlaug.

Frábær stemning var í hópnum.
Það voru grillaðar pylsur og
sykupúðar. Spilað kubb, spike ball,
frisbí golf, varúlf og bolta leiki. Það
var líka sundlauga party og sagðar
draugasögur úti í náttúrunni.
Hápunkturinn var svo kvöldvakan
þar sem Hlynur úr Hundrad&ellefu
og Þorkell úr Hólmaseli spiluðu
á gítar og stjórnuðu fjöldasöng af
mikilli fagmennsku. Frábær ferð,
góður félagskapur, gott veður og
nóg um að vera. Útilegan er síðasti
viðburðurinn á þessu skólaári en
sumaropnanir fyrir 8. til 10. bekk
eru til 8. júlí. Bakkinn, Hólmasel og
Hundrad&ellefu opna svo aftur eftir
sumarfrí 23. ágúst. Fleiri myndir frá
útilegunni eru á bls. 12.

Hress hópur ungmenna fyrir framan tjald við Brún í Bæjarsveit.



Sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid
Netverslun: systrasamlagid.is

- bls. 4-5
Viðtal við
Birnu Bragadóttur
forstöðukonu
Elliðaárstöðvarinnar

Þitt hverfi hefur hækkað einna mest síðastliðið ár.

LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG. Heyrumst **510 7900**

LIND
FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

VIÐ BREIÐHOLTID



OPNUNARTÍMAR ICELAND Í BREIÐHOLTINU:
Vesturberg - Arnarbakki - Seljabraut:
Virka daga 07:00-24:00 - Helgar 09:00-24:00

Iceland

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Valur Kristjánsson
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Póstdreifing ehf.
7. tbl. 29. árgangur
Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Nýr meirihluti

Borgarstjórnarkosningar eru afstaðnar. Nýr meirihluti er tekinn til starfa. Þótt hann standi að hluta saman af sömu stjórnsmálaöflum og unnu saman í fyrri meirihluta er hann engu að síður nýr. Nýr aðili hefur mætt til leiks og annar horfið frá. Það er eðlileg þróun stjórnsmála.

Allar lýkur eru til að nýr meirihluti muni áfram standa að þeirri uppbyggingu sem átt hefur sér stað í Reykjavík á undanförmum árum. Einnig eru líkur að ráðist verði í átak og aukna fjölbreytni á sviði húsnæðismála þar sem mikil þörf er fyrir húsnæði.

Vinna þarf áfram að þéttingu byggðar en nauðsyn ber einnig til að leita á ný mið. Taka nýtt land undir byggingar til að mæta uppsafnaðri þörf fyrir húsnæði.

Nýr meirihluti mun þurfa að takast á við áskoranir í umferðarmálum. Þar skorar bygging borarlínu hátt, bygging Sundabrautar einnig og krafa um fjölbreytta ferðamáta. Má þar nefna öruggar almenningssamgöngur, hjólreiðar, skutlur og síðan einkabíla.

Einkabíllinn hefur verið nokkuð til umræðu og talsvert deiluefni í borgarmálunum. Þeim sjónarmiðum að hann verði megin samgöngutæki í framtíðinni er öðru hvoru haldið á lofti. Einkabíllinn er ekki á förum en notkun hans mun breytast. Hann verður meira nýttur til ferðalaga en skulds til og frá vinnustaðar. Sú þróun á sér stað víða um veröld.

Uppeldis- og fræðslumál eru stór hluti af starfi sveitarfélaga. Um þau þarf að halda af festu. Efling skólustarfs fyrir yngsta fólkið er þar á meðal. Þar þarf að efna til átaks. Fátt bendir til annars en meirihluti borgarstjórnar ætli að standa fast í þeim málum.

Nýr hjólastígur opnaður í Elliðaárdal



Nýr hjólastígur í Elliðaárdal.

Nýr hjólastígur Breiðholtsmegin í Elliðaárdalnum er nú tilbúinn og opinn fyrir umferð. Bygging hans er liður í því að aðskilja gangandi og hjólandi umferð í dalnum.

Um er að ræða fyrsta áfanga af þremur í efri hluta Elliðaárdal á kaflanum frá Höfðabakka að

Breiðholtsbraut. Þessi fyrsti áfangi nær frá stíflu að gömlu vatnsveitubrunni. Áfangi tvö fer í framkvæmd í sumar og haust og áfangi þrjú afmarkast síðan af brúar- og stígagerð upp að Breiðholtsbraut, framhjá Fákssvæðinu. Stefnt er að því að ljúka þriðja áfanga á árinu 2023.

Séra Sigurður Már til Seljakirkju

- Seljasókn komin í hóp safnaða á grænni leið

Séra Sigurður Már Hannesson hefur verið ráðinn prestur við Seljakirkju. Hann er fæddur 1990 og uppallinn í Reykjavík. Hann lauk stúdentsprófi frá Verzlunarskóla Íslands árið 2010, stundaði nám í viðskiptafræði við Háskóla Íslands en leiðin lá svo í guðfræðideildina. Árið 2016 stundaði sr. Sigurður Már skiptinám í Kaupmannahöfn þar sem hann nam guðfræði við Kaupmannahafnarháskóla. Hann var vígður til prestsþjónustu hjá Kristilegu skólahreyfingunni í mars 2021. Jafnframt sinnti hann ýmsum verkefnum fyrir KFUM og KFUK.

Sigurður Már hefur starfað í sunnudagaskóla hjá Grensáskirkju og Dómkirkjunni í Reykjavík ásamt því að hafa starfað sem æskulýðsfulltrúi í Ástjarnarkirkju. Samhliða starfi sínu hjá Kristilegu skólahreyfingunni sinnti hann afleysingum í Laugardalsprestakalli síðastliðið vor. Eiginkona sr. Sigurðar Mús



Séra Sigurður Már Hannesson.

er Heiðís Haukdal Reynisdóttir, verkefnastjóri í rafrænum kennslumálum hjá Háskóla Íslands. Þau eiga eina dóttur. Þá má geta þess að nýlega bættist Seljasókn í hóp safnaða sem eru á grænni leið. Þetta er fimmtándi söfnuðurinn sem heldur út þá gæfuleið. Grænir söfnuðir eru

hins vegar sjö að tölu. Það er alltaf ánægjuefni þegar söfnuðir fara að huga að hinum grænu málum. Græna leiðin og græni söfnuðurinn eru kjörin tækifæri til að virkja safnaðarmeðlimi í því að ræða umhverfismál og taka virkan þátt í þeim, segir á heimasíðu Seljakirkju.



Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir
eða fáðu lyfin send heim

Pantaðu á appotek.is
eða í síma 568 0990

Garðs Apótek - í yfir 60 ár

Sogavegi við Réttarholtsveg
Opíð 9-18 virka daga.

www.borgarblod.is

SANNKÖLLUÐ ÞJÓÐHÁTÍÐARSTEMNING Í HÖLLinni UM HELGINA

FIMMTUDAGINN 21. JÚLÍ

HREIMUR

EKTA BREKKUSÖNGUR



FÖSTUDAGINN 22. JÚLÍ

BANDMENN Í HÖLLinni

EKTA SVEITABALL

ÞJÓÐHÁTÍÐARLEIKUR KEILUHALLARINNAR OG TUBORG



ÞJÓÐHÁTÍÐ

**TUBORG
Á 800 KR.
ALLAN
JULÍ.**

SKRÁÐU ÞIG Í ÞJÓÐHÁTÍÐARLEIK
KEILUHALLARINNAR OG ÞÚ ÁTT
MÖGULEIKA Á AÐ VINNA
MIÐA FYRIR TVÖ Á ÞJÓÐHÁTÍÐ.

**HAPPY
2 FYRIR 1 AF ÖLLU Á BARNUM
HOUR**

FÖS & LAU

21-23

**RÚTA Í
BÆINN**

FÖS & LAU

KL. 00 & 01

keiluhollin.is

Keiluhöllin
EGILSHÖLL

s. 5 11 53 00

HEIMTÖKUTILBOÐ SHAKE&PIZZA

**EIN, TVÆR OG FRÍ
PIZZA EF ÞÚ SÆKIR**

– BORGAR EKKI FYRIR ÓDÝRUSTU PIZZUNA



shakepizza.is

**EINN, TVEIR OG FRÍR
SHAKE EF ÞÚ SÆKIR**

– GILDIR EKKI AF ÁFENGUM SHAKE-UM



shake&pizza

**EIN PIZZA OG SVO
ÖNNUR Á 1.000 KR.**

KAUPIR PIZZU AF MATSEÐLI OG
BÆTIR ANNARRI VIÐ Á 1.000 KR.

– BORGAR FYRIR DÝRARI PIZZUNA

Pantaðu á
shakepizza.is
eða í síma
5 17 18 19

#shakeandpizza

VIÐTALIÐ

Er um að gera vögggu veitnanna í Elliðaárdal sýnilega

-segir Birna Bragadóttir í spjalli við Breiðholtsblaðið

Rafstöðin við Elliðaár eða Elliðaárstöðin varð 100 ára á síðasta ári. Eftir að raforkuframleiðslu var hætt í Elliðaárdalnum og í tilefni af 100 ára afmæli Elliðaárstöðvar var blásið til hugmyndasamkeppni þar sem markmiðið var að gera mannvirki OR í Elliðaárdalnum aðgengileg almenningi og varpa ljósi á þátt veitnanna í þróun borgarsamfélagsins. Hönnunarhópurinn Terta sigraði samkeppnina og framkvæmdir hófust í október 2020.

Birna Bragadóttir var í framhaldi af því ráðin forstöðukona Elliðaárstöðvar. Birna er með MBA próf frá Háskólanum í Reykjavík og hefur starfað sem stjórnendaráðgjafi fyrirtækja. Hún var framkvæmdastjóri Sandhótel og starfaði við uppbyggingu hótelsins við Laugaveg. Birna starfaði jafnframt um langt skeið við mannauðs-, þjónustu- og starfsþróunarmál bæði hjá Icelandair og Orkuveitunni. Breiðholtsblaðið heimsótti Birnu í Elliðaárstöð á dögunum og forvitnaðist um þetta verkefnið.

Starfið tengist náttúru og útivist

Birna var fyrst innt eftir því hvernig hún fékk áhuga á þessu verkefni og hvers vegna hún tók starfið að sér. Hún kveðst sjálf vera mikil útivistarmanneskja og þegar hún hafi séð þetta starf auglýst hafi áhugi hennar vaknað. Í því gæti hún sameinað reynslu af fyrri störfum og áhugamál sín. Birna starfaði lengi að mannauðsmálum og í ferðaþjónustu. „Mér fannst þetta strax vera ótrúlega spennandi verkefni sem myndi geta sameinað það sem ég hef verið að gera, virkjað fólk og nýtt áhuga minn og reynslu úr ferðaþjónustunni. Ég hef líka stundað útivist markvisst síðustu árin og hef sérstaklega gaman af því að skora á sjálfan mig á þeim vettvangi. Ég hef til dæmis farið tvisvar yfir Vatnajökul endilangan á gönguskíðum og synt Ermarsundið í boðsundi. Starfið tengist áhuga mínum á hreyfingu og þá einkum úti í náttúrunni. Við það bættist svo áhugi minn á orkumálum ásamt hönnun og nýsköpun. Svo hef ég gaman af fólki og nýjum hugmyndum. Svona verkefni vinnst ekki nema í góðu samstarfi, bæði við hagsmunaaðila og nágretta.“

Vagga veitnanna

Elliðaárstöð sem tekin var í notkun árið 1921 er í hópi fallegustu bygginga í Reykjavík. Að utan er stöðin stílhrein, með rauðu bárujárnsþaki og bogadregnum gluggum, og hafa ófáir gestir á orði að hún minni helst á kirkju. Þegar inn er komið blasir við stórglæsilegur vélasalur, eins og þeir þekkja sem skoðað hafa. Vandað var til verka og stórhuga fólk fór í að virkja og koma lýsingu á borgina sem þá var innan við 20 þúsund manna samfélag. Hugmyndin um að virkja var talsvert umdeild á sínum tíma og rætt um hana en það tók aðeins átján mánuði frá því að ákvörðunin var tekin að

hrinda henni í framkvæmd. „Við tölum stundum um Elliðaárdalinn sem vögggu veitnanna. Saga Orkuveitunnar tengist Elliðaárdalnum órjúfanlegum böndum. Hér er ekki aðeins fyrsta rafveitan. Hér á vatnsveitan einnig uppruna sinn. Vatnsupptaka hófst hér í Elliðaárdalnum árið 1909, en þar var tekið yfirborðsvatn áður en grunnvatnsupptaka hófst í Gvendarbrunnum sem þótti heilnæmara. Svo erum við með jarðhitann hér. Hér eru einnig margar af borholum hitaveitunnar sem enn eru í notkun. Litlu rauðu húsin sem margir vita ekkert af.“

Skógræktin á sér sína sögu

„Skógræktin á sér líka sína sögu í Elliðaárdalnum. Fyrsta skógræktarferðin hingað í dalinn var farin árið 1951. Fyrir þann tíma var Elliðaárdalurinn bara mór og mýrar. Skógurinn hér er því manngerður. Það var falleg hugsjón starfsfólks rafmagnsveitunnar, þessi hringrásar hugsjón sem er svo mikilvæg, sem var upphaf þessarar skógræktar. Að við nýtum náttúruna eins og við gerðum á þessum tíma og nýtum vatnið til að virkja og búa til rafmagn á sjálfbæran hátt. Starfsfólk rafmagnsveitunnar vildi gefa til baka og hingað var farið í miklar skógræktarferðir á hverju ári.“

Danski kóngurinn átti veiðiréttinn

Við gengum um rafstöðvarhúsið og Birna bendir á markverða hluti. „Hér er gamla aðfallspípan og hér eru túrbínurnar. Það er ártal á fyrstu tveimur sem var kveikt á. Þær voru smíðaðar árið 1920 og Kristján X Danakonungur og Alexandrina drottning komu hingað til lands til þess að vígja rafstöðina og ræsa hana. Hér var vandað vel til verka og byggingin er enn eins og hún var árið 1921 en aðeins var bætt við endann á stöðvarhúsinu til þess að koma stóru túrbínunni, þeirri sem síðast var sett upp. Virkjunin framleiddi ekki mikið. Hún gat framleitt um þrjú megavött. Fljótlega kom í ljós að hún var ekki nægilega stór til að mæta þeirri orkuþörf sem var til staðar og því var farið að horfa í kringum sig eftir nýjum virkjana-kostum og beindust augu manna að Soginu.“ Birna bendir á klukka sem hangir á vegg í stöðvarhúsinu. „Þessi klukka er gjöf frá Kristjáníu sem er móðurborg Oslóar höfuðborgar Noregs 1921. Hún gengur enn og slær og ég var að trekkja hana síðast í morgun. Eitt hundrað ára gömul klukka í fullu lagi, tímalaus hönnun



Birna Bragadóttir við strætisvagn þar sem auglýsinga um Elliðaárdalsverkefni hefur verið komið fyrir.

sem endist.“ Birna bendir á myndir frá fyrsta tíma virkjunarinnar. Þar á meðal mynd af Kristjání X þar sem hann var að veiða í Elliðaárdalnum. Danski kóngurinn átti veiðiréttinn í ánum allt fram að 19 öld.“

Gera veiturnar sýnilegar

Elliðaárdalurinn var sveit á þessum tíma. Engin byggð þótt einhver sumarhúsabyggð risi þar að mestu utan skipulags sem var ekki til á þeim tíma. „Hér var búið um starfsfólk sem starfaði við virkjunina,“ heldur Birna áfram og bendir á stöðvarstjórahusið. „Þar bjuggu þrjár fjölskyldur og nú verður þetta hús gert að heimili veitnanna. Hugmyndin er að halda þessu eins og heimili en þar ætlum við að gera veitunum skil. Gestir fá að kynna því hvernig allar veiturnar þræðast inn í og í gegnum vegg og gólf hússins og síðan út í hið stóra, niðurgrafna kerfi lagnanna. Þá erum við að tala um rafveituna, kalda og heita vatnið, fráveituna og síðan ljósleiðarann. Mitt verkefni er að gera veiturnar sem eru ósýnilegar undir okkur öllum og eru okkur grunnur að lífsgæðum sýnilegar og fræða almenning og þá ekki síst ungmenni um mikilvægi þessara þátta samfélagsins. Við munum leggja áherslu á að fá skólábörn hingað og fræða þau um auðlindirnar sem eru ómissandi hluti af daglegu lífi; kalda vatnið úr krananum, orkuna sem kemur úr árstraumnum eins og rafmagnið til að hlaða símana. Við lítum einnig á útisvæðið sem skapandi leiksvæði þar sem hægt er að fræðast um veiturnar. Við lítum á þessar lífæðar samfélagsins og náttúruna sem eina heild. Þetta tengist allt. Tengir okkur saman og eru einnig mikilvægar fyrir okkur og framtíðina. Við vonumst til að geta farið að taka á móti skóláhópum með haustinu.“



Rafstöðvarhúsið í Elliðaárdal. Ljóst er að þarna var ekkert til sparað að gera aðstöðu rafveitunnar sem glæsilegasta.



Túrbínur rafstöðvarinnar.

Leiksvæði, skruðgarður og veitingaþjónusta

Birna röltir áfram um svæðið með komumanni. „Hér erum við að gera leiksvæði. Það er ekki alveg tilbúið en erum að leggja

lokahönd á verkið. Hér er líka fallegur skruðgarður. Honum verður haldið eins og hann er. Mér skilst að þessum stóra hlyn sem er hér hafi verið plantað árið 1921. Ég frétti það frá afkomendum fólks sem bjó í starfsmannahúsinu.“ Fleiri hús



Börn að leik við Rafstöðina í Elliðaárdal en nú er unnið að því að koma upp leiksvæði ásamt mörgu öðru í dalnum.

standa á lóðinni sem byggð voru á árdögum virkjunarinnar. Birna bendir á neðstu húsapýrpingu. “Hér voru smíðja, fjós og hlaða. Vegna þess að þetta var upp í sveit þurfti að vera með búskap. Fólk hljóp ekki út í mjólkurbúðina. Það þurfti að fara í fjósið. Hér verður komið upp veitingaþjónustu þar sem gestir dalsins geta sest niður eftir gönguferðir eða hjólatúra – jafnvel eftir góða veiði í ánum, fengið sér kaffisopa og eitthvert kruðerí. Við hugsum leiksvæðið hér sem skapandi fyrir krakka. Hér mun vatn verða látið renna út um allt og búið er að undirbúa regnvatnstjörn á svæðinu.” Birna bendir á skúlptúr

sem er endurgerð af Elliðaárstíflunni og segir að volgt vatn renna og sprautast upp þar sem krakkar geti sulað og leikið sér. “Hér verður líka salernisaðstaða og nestisaðstaða fyrir fólk sem kys að koma með nesti. Fólk getur farið í lautarferð með fjölskylduna hingað.” Birna segir að Leikhópurinn Lotta hafi verið með sýningar á rafstöðvar-svæðinu. Þau verða á túni skammt frá byggingunum og ætlunin er að fleiri hópar verði á svæðinu. Þar á meðal sirkusinn Hringleikur. “Allt verður þetta tengt orku og vísindum með sköpunargleðina að leiðarljósi. Tengt svæðinu og sögunni.”

Gufuborinn Dofri settur upp

Birna bendir á hnullunga sem komið hefur verið fyrir. Segir þá gamla borkjarna sem settir hafa verið upp. Síðan sé ætlunin að setja gufuborinn Dofra upp en með honum var borað fyrir heitu vatni í Reykjavík. Búið er að steypa plan undir hann. “Hér fær hann sitt framtíðarheimili auk þess sem höggbor verður settur upp. Þarna verður kjörið tækifæri til þess að fræða fólk um hitaveituna sem voru önnur orkuskipti okkar. Fyrstu orkuskiptin hófust með rafveitunni. Síðan kom hitaveitan og útrýmdi olíu- og



Mikil áhersla var lögð á skógrækt í Elliðaárdalnum í tengslum við byggingu rafstöðvarinnar. Hér er skógræktarhópur trúlega í kaffihléi á fyrstu árum rafmagnsframleiðslunnar.

kolakyndingum og nú eru þriðju orkuskiptin að hefjast sem eiga sér stað í samgöngum.” Turn stendur við endann á skrifstofubyggingunni. Birna segir að þar hafi verið spenniverkstæði og með því að opna hann verði komið viðburðarými. Jafnvel megi setja upp leiksýningar og annað í þeim dúr í turninum.

Gestgjafar dalsins

Næst liggur leiðin upp á aðra hæð í húsi sem hýsti straumskiptastofuna sem tengdi rafstöðina í Elliðaárdal við Sogsvirkjunina á sínum tíma. Þar hefur Birna komið upp lítilli gestastofu og býður upp á kaffi. Hún segir að áfram verði unnið við húsið þegar útisvæðin hafi verið kláruð. Það sé síðari tíma mál. Forgangsröðun sem unnið er eftir sé með þeim hætti. “Ég og mitt teymi erum meira og minna hér í dalnum. Vinnuaðstaðan okkar er

hér og við tökum að okkur hlutverk gestgjafa dalsins. Þetta er að taka á sig mjög skemmtilega mynd og á eftir að verða bæði skemmtilegt og ekki síður fróðlegt þar sem fólk getur heimsótt dalinn bæði sér til fróðleiks og einnig til skemmtunar í mestu útivistarperlu borgarinnar.” Birna leggur áherslu á hversu Elliðaárdalurinn er orðinn miðsvæðis í borginni. Þangað liggja leiðir úr flestum byggðum og hverfum. Ótrúlega mikil forréttindi séu fólgin í því að eiga svo fallegan borgargarð með laxveiði, skíðaíþrótt og aðra fjölbreytta íþróttastarfsemi. „Svo eigum við góða nágranna í Árbæjarsafninu og Hitt húsið er hér á móti. Ég trúi því að fólk eigi eftir að læra að meta dalinn enn frekar og það sem hann hefur og mun hafa upp á að bjóða í framtíðinni.”

MIKLABORG



Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson hdl. og löggiltir fasteignasalar



Jón Rafn Valdimarsson lögg. fasteignasali Sími: 695 5520



Ólafur Finnbogason lögg. fasteignasali Sími: 822 2307



Bryndis Alfreðsdóttir lögg. fasteignasali Sími: 569 7024



Gunnar Helgi Einarsson lögg. fasteignasali Sími: 615 6181



Pórunn Pálsdóttir lögg. fasteignasali Sími: 773 6000



Ásgrímur Ásmundsson hdl. og lögg. fasteignasali Sími: 865 4120



Þröstur Þórhallsson lögg. fasteignasali Sími: 897 0634



Jörunn Skúladóttir lögg. fasteignasali Sími: 845 8958



Atli S. Sigvarðsson lögg. fasteignasali Sími: 899 1178



Svan G. Guðlaugsson lögg. fasteignasali Sími: 697 9300



Jason Ólafsson lögg. fasteignasali Sími: 775 1515



Páll Þórólfsson aðstn. fasteignasala Sími: 893 9929



Helgi Jónsson aðstn. fasteignasala Sími: 780 2700



Hilmar Jónsson hdl. og löggiltur fasteignasali Sími: 695 9500

Fasteignasalan
Miklaborg

Lágmúla 4 • 108 Reykjavík • Sími 569 7000
www.miklaborg.is

Með þér alla leið

Verður byggt ofan á Eddufell 2?



Eddufell 2. Nokkur starfsemi er í húsinu einkum á jarðhæð en húsnæðið hefur ekki verið fullnýtt á undanförunum árum.

Sótt hefur verið um leyfi til Byggingarfulltrúa til að byggja fjórar hæðir úr steinsteypu ofan á tveggja hæða hús og innrétta 14 íbúðir, í húsinu nr. 2 við Eddufell. Málinu hefur verið vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa. Við Eddufell 2 til 6 stendur verslunar- og þjónustuhús sem var teiknað af Kjartani Sveinssyni byggingartæknifræðingi og reist árið 1981.

Fyrir fjórum árum var samþykkt á fundi skipulagsfulltrúa Reykjavíkur fyrirspurn GP-arkitekta varðandi byggingu 15 hæða húss við Eddufell 2 til 6 í efra Breiðholti sem hýsa á alls 50 íbúðir af margvíslegum stærðum. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og var aftur lögð fram ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. janúar 2018. Þessi hugmynd varð umdeild einkum vegna hæðar fyrirhugaðrar byggingar og var aldrei framkvæmt. Nú er verið að tala um fjórar hæðir í stað 15 hæða.

Borgarráð samþykkir þriðja áfanga Arnarnesveggar

- enn deilt um framkvæmdina og farið fram á nýtt umhverfismat

Borgarráð hefur samþykkt deiliskipulag þriðja áfanga Arnarnesveggar um Vatnsenda-hvarf. Deiliskipulagið nær til hluta Arnarnesveggar frá mótum hans og Rjúpnavegar að fyrirhuguðum gatnamótum Breiðholtsbrautar og Arnarnesveggar. Leggja á samfelldan stofnveg með tveimur akreinum í hvora átt á milli Reykjanesbrautar og Breiðholtsbrautar. Einnig á að reisa fjögurra akreina brú yfir Breiðholtsbraut. Hjólastígur á að vera frá Rjúpnavegi í Kópavogi og inn í Elliðaárdal.

Deiliskipulagið hefur verið umdeilt en það er tæplega 20 ára gamalt. Sósíalistaflokkurinn gagnrýnir það og segir að gera ætti nýtt deiliskipulag enda hafi forsendur breyst. Flokkur fólksins er einnig á móti deiliskipulaginu þar sem í Vatnsendahvarfi sé dýrmætt grænt svæði sem sé varpland margra farfluglategunda. Einnig sé svæðið vinsælt útivistarsvæði.

Íbúar hyggjast kæra

Íbúar á og í grennd við veghelgunarsvæði fyrirhugaðs Arnarnesveggar um Vatnsendahvarf hyggjast kæra málið til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærendur eru nú orðnir um



Arnarnesvegur tengist Breiðholtsbraut.

þrjátíu talsins. Samtökin höfðu áður lagt fram kæru vegna fyrirhugaðra framkvæmda, en var henni þá vísað frá á þeim grundvelli að þau gætu ekki talist eiga lögvarinna hagsmuna að gæta af úrlausn málsins. Þessi kæra er því undirrituð af mun fleiri íbúum sem búa nær framkvæmda-svæðinu, Hollvínasamtökum Elliðarárdals og svo Vinum Kópavogs. Í kærinni verður megin-kraftan sú að framkvæmt verði nýtt umhverfismat, en í dag á að byggja framkvæmdirnar á umhverfismati

sem framkvæmt var fyrir nítján árum. Einnig vilja kærendur að vegalagningin verði endurskoðuð þannig að vegurinn verði lagður að mestu leyti í gegnum stökk eða göng og gatnamótunum breytt, svo þetta verði ekki ljósastýrt gatnamót, sem munu ekki anna þeirri umferð sem fara muni um.

Skipulagsstofnun hefur lýst því yfir að hún telji sig ekki eiga rétt á því að kalla eftir nýju umhverfismati.

Íbúð óskast til leigu

Ég er að leita að íbúð í Reykjavík. Tveggja herbergja eða stúdíó. Breiðholt kemur vel til greina. Greiðslugeta er allt að 160.000 kr. á mánuði. Ég vinn sem verkefnastjóri hjá Reykjavíkurborg. Er reglusamur og reyklus með engin gæludýr og það fer lítið fyrir mér.

Get verið með meðmæli og get flutt inn 1. ágúst. Sími minn er 690 0136 og netfang: bodvar.nielsen.sigurdarson@reykjavik.is



Frítt í sund fyrir börn og tilraun um miðnæturopnun í Laugardalslaug

Frítt verður í sundlaugar Reykjavíkurborgar fyrir börn á grunnskólaaldri frá og með 1. ágúst 2022. Borgarráð samþykkti í dag svohljóðandi tillögu menningar-, íþrótt- og tólmstundaráðs. Einnig var samþykkt tillaga um miðnæturopnun á fimmtudagskvöldum í Laugardalslaug, frá og með 4. ágúst næstkomandi, til áramóta.

Í samstarfssáttmála Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar segir í fyrstu aðgerðum að ókeypis verði í sund fyrir börn á grunnskólaaldri; aðgengi borgarbúa á öllum aldri að sundlaugum borgarinnar sé brýnt lýðheilsumál. Þessu verður nú hrint í framkvæmd og verður jafnframt boðið upp á endurgreiðslu á kortum sem foreldrar og forráðamenn hafa keypt, jafnt 10 miða kortum og 6 eða 12 mánaða kortum fyrir börn. Kostnaðarauki vegna þessa á árinu er áætlaður 12 milljónir króna auk allt að 7,4 milljóna í endurgreiðslur. Kostnaðarauki fyrir árið 2023 er áætlaður 30 milljónir króna.



Frítt í sund og miðnæturopnun í Laugardal.

Komdu í þægilegt og gott umhverfi við tökum vel á móti þér

Næg bílastæði
VELKOMIN

Mjóddin

Græn lífsgæðaborg

- borg byggð á náttúru og sögu

Græn lífsgæðaborg er leiðarljós nýrrar borgarhönnunarstefnu sem er í samræmi við aðalskipulag Reykjavíkur. Umhverfis- og skipulagsráðs samþykkti nýverið að láta vinna borgarhönnunarstefnu sem fjallar með einföldum og skýrum hætti um gæði borgarrýmis og byggðar.

Borgarhönnunarstefna á að tryggja heildstæða mynd borgarlandsins og styrkja karakter borgarlandslagsins. Henni er ætlað að standa vörð um gæði í uppbyggingu og endurnýjun eldri byggðar og setur kröfur um hlutfall grænna innviða. Í frétt frá Reykjavíkurborg segir að borgarhönnunarstefnan sé sett fram til að skapa heildstæða borgarmynd með sérkennum Reykjavíkur.

Byggja borg sem fólk tengir við, vill búa í og þykir vænt um. Borg sem er nútímaleg og er byggð til langs tíma. Borg sem er byggð með tilliti til loftslags og náttúru. Borg sem á sögu og segir sögu.



Náttúra, útvist og mannvirki eldri sem yngri eiga að verða einkenni framtíðarborgarinnar.



Ertu búinn að fá þér Veidikortið?

Frelsi til að veiða!

8.900 kr

Fæst hjá N1, OLÍ, veiðibúðum og veidikortid.is

Gamla Kaffihúsið

Nú er kökuhlaðborðið fyrsta sunnudag hvers mánaðar frá klukkan 14:00 til 16:00

Svo eru gömlu góðu verðin

Nautasteik..... 3.200,-

Piri piri kjúklingur..... 2.650,-

Súpa dagsins..... 1.100,-

Hlökkum til að sjá ykkur

Opið þrið-laug frá 12:00 - 21:00
sunnudaga 12:00 - 20:00

Yfir 90 prósent barna í Ösp eru fjöltyngd

- unnið með verkefni um málproska og læsi sem Fellaskóli, Holt og Ösp taka þátt í

Yfir 90 prósent barna í leikskólalánum Ösp í Efra Breiðholti eru fjöltyngd. Börnum sem tala fleiri en eitt tungumál hefur farið fjölgandi og á síðasta ári gerðist það að öll börnin sem byrjuðu í leikskólalánum voru fjöltyngd sem þýddi að heil deild varð alveg fjöltyngd. Foreldrahópur barna í leikskólalánum er fjölmenningslegur og nú starfar fólk frá fleiri löndum og málsvæðum við leikskólann.

Fjölmenningslegur hefur aukist mikið í Fellahverfi undanfarnin ár og því hefur verið unnið markvisst með íslenskuna til að styrkja orðaforða barnanna og auka möguleika þeirra til virkar þátttöku í samfélaginu. Fyrir tveimur árum var farið af stað með verkefni um málproska og læsi sem Fellaskóli og leikskólarnir Holt og Ösp taka þátt í. Verkefnið snýst um hópstarf þar sem allir bera ábyrgð og til að styrkja starfsfólkið

á Ösp hafa fimm farið á menntafléttunámskeið í máli og söng. Lestur bóka hefur aukist til muna á Ösp og á einni deildinni hefur verið unnið með svokallaðan bókaorm. Hann er þannig að börnin koma með bækur sem lesnar eru fyrir þau heima á þeirra tungumáli. Þau koma svo með bækurnar í skólann og segja frá þeim. Einnig er mikið unnið með svonefnda orðaforðaþemu og lögð áhersla á orðaforða sem talin er mikilvægur.

Málskilningur oft ekki nógu góður

Komið hefur í ljós að skilningur marga barna sem eru aðeins í íslensku málumhverfi í skólalánum er oft ekki nógu góður. Því var ákveðið að byrja strax í leikskóla að byggja upp orðaforða þeirra. Börnunum er gefið tækifæri á að vera virkir þátttakendur bæði í leikskóla og síðan

í grunnskólalífnum. Þótt þau séu í íslensku skólaumhverfi skiptir máli að bera virðingu fyrir þeirra heimamáli og að unnið sé bæði með foreldrum og börnunum í málstefnunni.

Foreldrar treysta á leikskólann

Foreldrar hafa sýnt þessu verulegan áhuga og þau treysta á leikskólann um málhæfni barna

sinna og hafi reglulega samband til að athuga hvernig gangi. Áherslan sem lögð er á íslenskuna sem leikskólamáli þýðir ekki að börn sem tala sama heimamál geti ekki talað saman á því tungumáli, heldur þurfa allir að skipta yfir í íslenskuna þegar einhver bætist í hópinn sem ekki skilur. Þá þarf að skipta í leikskólamálið svo allir geti verið með.

Umhverfisvænt útinám

Leikskólinn Ösp er lítil og heimilislegur skóli sem er staðsettur í miðju Fellahverfi. Í samræmi við það er lögð áhersla á umhverfismennt og útinám, ásamt auðugu málumhverfi. Lögð er áhersla á rólegt og heimilislegt andrúmsloft, þannig að öllum finnist notalegt að koma í skólann, hvort sem er í lengri eða skemmri tíma.



Útivistarsvæði við leikskólann Ösp.



Hópstarf í leikskólalánum Ösp.

Breiðholtsbúar: Ökuskólinn í hverfinu ykkar. Auk hefðbundins réttindanáms býður Ökuskólinn í Mjódd upp á eftirfarandi fjölda námskeiða m.a.

- B-réttindi á íslensku og ensku
- Námskeið vegna akstursbanns
- Bifhjólánámskeið
- Meiraprófsnámskeið
- Afleysingamannanámskeið á leigubíl og Atvinnuleyfishafanámsskeið í samvinnu við Samgöngustofu
- Endurmenntun Atvinnubílstjóra



Upplýsingar og innritun í síma 567 0300. Opíð 12-17 alla daga.

Bráðabirgðaviðgerð á brúnni yfir Dimmu

Ráðist var í bráðabirgðaviðgerðir á brúnni yfir ána Dimmu við Breiðholtsbraut í byrjun júní. Ný brú verður reist í kjölfarið að því er kemur fram á vef Reykjavíkurborgar.

Nýja brúin verður staðsett um 200 metra neðan við núverandi brú. Lágreist trébrú með aðskildum

göngu- og hjólastígum. Vonir standa til þess að ný brú verði komin í gagnid sumarið 2023 og að bráðabirgða aðgerðir á núverandi brú standist notkun þangað til, segir á vef borgarinnar. Margir munu eflaust fagna nýju brúnni, en sú gamla var reist til að brúa bil fyrir gagnaleið fyrir heitt og kalt vatn.



Svona mun nýja brúin yfir Dimmu líta út þegar hún verður tekin í gagnid.

Hvað er Betra Breiðholt fyrir unglunga



Séð yfir Breiðholt. Bætt þjónusta við unglunga í Breiðholti. Ef vanda ber að fær hver unglungur úthlutað talsmanni á meðan á vinnslu máls stendur.

Betra Breiðholt fyrir unglunga er samstarfsverkefni skóla- og frístundaeildar Breiðholts, Þjónustumiðstöðvar Breiðholts og Keðjunnar sem miðar að því að mæta flóknum bráðavanda sem upp kemur meðal unglunga með snemmtæka íhlutun að leiðarljósi.

Verkefnið er unnið af hópi fólks skipuðu lykilstarfsfólki áður nefndra stofnana auk hópstjóra. Hópnum er ætlað að setja fram einstaklingsmiðaða framkvæmdaráætlun er varðar unglung eða hóp unglunga þar sem hópfulltrúar bera ábyrgð á hlutverki sinnar stofnunar. Hópstjóri er tengiliður við samstarfsstofnanir. Hann vinnur í því umhverfi unglingsins sem nauðsynlegt er hverju sinni, hvort sem er á skólatíma, í frístundastarfi eða frítíma og vinnur náið með starfsmönnum samstarfsstofnana. Hver unglungur fær úthlutað talsmanni á meðan á vinnslu máls stendur. Með verklaginu er heildarsýn og ábyrgð tryggð og stuðningur við hæfi veittur. Með slíku verklagi er hægt að eyða hindrunum sem verið hafa til staðar og hægt að veita unglungum í vanda þjónustu án biðlista. Verkefnið er tilraunaverkefni til tveggja ára og verður árangur verkefnins mældur í samvinnu við háskólasamfélagið.

Skólaárið 2020-2021 fékk verkefnið 4.000.000 króna í styrk.



Laugarnar í Reykjavík



Líf og fjör

í laugunum!

Sýnum hvert öðru tillitssemi og höfum gaman



Vel heppnuð vorhátíð í Ölduselsskóla

Vorhátíð Ölduselsskóla var haldin þriðjudaginn 24. maí. Hátíðin heppnaðist mjög vel þrátt fyrir smá rigningu. Mikill fjöldi barna og foreldra/forráðamanna mættu í pollagallanum og skemmtu sér konunglega.

Mikið var um skemmtilega afþreyingu svo sem hoppukastalar, kajakar, bubblubolti, andlitsmálning og gæddi fólk sér á pylsum við ljómandi tónlist. Kökubasar sjötta bekkjar gekk vel og þökkum við foreldrafélaginu og starfsfólki Ölduselsskóla fyrir gott samstarf.

Þessar myndir voru teknar á vorhátíðinni.



Sumarfrístund í Hraunheimum

Það hefur verið góð aðsókn á sumar-námskeið í Hraunheimum þetta sumarið og aldrei verið eins góð þátttaka og nú.

Börnin hafa haft í nógu að snúast og verið á ferðinni í strætó út um alla borg. Við höfum meðal annars farið í minigolf, bæjarferð, fjöruferð, klifurturninn í Gufunesbæ og leikið okkur í Matthíasarborg. Veðrið hefur að mestu leiti leikið við okkur og höfum við geta notið þess að borða nesti úti ásamt því að fara í hina ýmsu leiki. Þegar ég spurði börnin hvað hefði verið skemmtilegast í sumarstarfinu svöruðu þau að það hefði verið að fá miða í tækin í Fjölskyldugarðinum og grilla sykurpúða.

Myndirnar eru frá námskeiðunum í sumar.



Breiðholtsblaðið

www.borgarblod.is

Heilsugæslan í Efra-Breiðholti
Hraunbergi 6
s 513 5300



- 8-16
 - Viðtalstímar heilbrigðisstarfsmanna
 - Símatímar lækna
 - Símaráðgjöf hjúkrunarfræðinga
 - Móttaka vegna smáslysa og bráðra veikinda
- 16-17
 - Móttaka lækna vegna smáslysa og bráðra veikinda

Við minnum á að ráðlegt er að koma árlega í eftirlit með langvinnum sjúkdómum svo sem sykursýki og háþrýstingi

Hraunberg Primary Health Care
Hraunberg 6
tel 513 5300



- 8-16
 - Appointments with health care staff
 - Telephone consultations with doctors and nurses
 - Walk-in service for minor injuries and sudden illnesses
- 16-17
 - Walk-in service minor injuries and sudden illnesses

We kindly remind those with chronic illnesses such as diabetes or high blood pressure to have yearly check ups



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Úr Fimmaurabröndurum 3

Á þessum sumardögum er gott að hlýja sér við smávægis af gleðiefni úr bókinni Fimmaurabrandarar 3 sem kemur út hjá bókaútgáfunni Hólum í Breiðholti.

Hvernig bragð er af stafasúpu?
Nú, auðvitað orðbragð.

*

Góður svefn er ekki aðeins heilsusamlegur ... hann stýttir vinnudaginn líka heilmikið!

*

Ég fór í strætó í Noregi, en var rekinn út fyrir að standa á SAMA.

*

Hatið þið það ekki þegar fólk spyr spurninga og svarar þeim sjálf?
Ég geri það.

*

Erum við loksins komin með tilefni til að íslenska Chuck Norris brandarana?

- Þegar Vondi-karlinn fer að sofa athugar hann hvort Kári Stefáns sé undir rúminu

- Þegar guð sagði: "verði ljós" sagði Kári Stefáns: "segðu "viltu"!"

- Kári Stefáns hefur talið hið óendanlega...tvisvar

- Kári Stefáns stendur hraðar en allir hlaupa

- Myrkrið er hrætt við Kára Stefáns

- Kári Stefáns getur skellt hringhurðum

- Kári Stefáns lætur lauk gráta

- Kári Stefáns getur drekkt fiskum

- Kári Stefáns kveikir ekki ljósin, hann slekkur á myrkrinu

- Kári Stefáns barði eitt sinn skuggann sinn fyrir að standa of nálægt, nú stendur skugginn alltaf í 5 metra fjarlægð

- Kári Stefáns gengur ekki með úr, hann ræður hvað klukkan er

- Kári Stefáns er ástæðan fyrir því að Valli er að fela sig

- Kári Stefáns getur deilt með núlli

- Það tekur Kára Stefáns 20 mínútur að horfa á 60 Mínútur

- Kári Stefáns sigraði sólna í störukeppni

- Súperman á Kára Stefáns náttföt

- Kúrekastígvélin hans Kára Stefáns eru búin til úr alvöru kúrekum

- Kári Stefáns getur kveikt eld með ísmola

- Flensan fer árlega í Kára-Stefáns-sprautu

- Kári Stefáns getur klappað með annari hendi

- Kári Stefáns var eitt sinn útsettur fyrir Corona-virusnum. Virusinn þurfti að vera í sóttkví í mánuð

- Kári Stefáns getur lamið ímynduðu vini þína

- Kári Stefáns segir Símoni hvað hann eigi að gera

- Kári Stefáns getur kreist appelsínusafa úr sítrónu

- Þegar Christopher Columbus fann Ameríku tók Kári Stefáns á móti honum

- Kári Stefáns getur driplað keilukúlu

*

Ég sagði konunni minni að brjóstastærð skipti ENGU máli! Hún vill samt meina að mín séu of stór!

*

Keypti mér kjúkling til að gera samloku, en það gerist ekkert.

Hann skítur bara á eldhúsgólfid.

*

Routerinn bilaði í gær, svo ég sat og spjallaði við konuna. Það kom mér á óvart að hún skuli ekki lengur vinna í Kosti á Dalveg.

*

Ég fékk mér bjór í gærkvöldi. Í morgun var hann búinn að naga alla girðinguna.

*

Hvort er útrunnið eitru hættulegra eða hættuminna?

*

Jæja, nú á loksins að fara að stytta upp. Hér eftir verður það bara upp.



www.bilhusid.is

Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smíðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS



www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi



Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



Netverslun: systrasamlagid.is

UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS
HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉÐINN
SVEITARFÉLAGIÐ ÁRBORG

UMFÍ

FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ MEÐ FJÖLBREYTTUM ÍÞRÓTTAGREINUM
FYRIR 11-18 ÁRA. TÓNLEIKAR OG SKEMMTUN Á KVÖLDIN.

UNGLINGA
LANDSMÓT
UMFÍ

SELFOSS
29.-31. JÚLÍ

ALLT UM
MÓTIÐ Á
ULM.IS



TAKTU SUMARFRÍ á hverjum degi



Allir jógapakkinn
Liðleiki og styrkur sumar, vetur, vor og haust.



Innra og ytra

Kristalsvatnsflöskur
20% sumarafsláttur



Dekraðu við þig
Fallegt úrval af gæða
baðdekurvörum.
Taktu sumarfrí á hverjum degi.

Mandölur gefa lífinu gildi
Fallegr orð og tákn fylgja
út í lífið.



Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-17
Lau: 11-16

ÓÐINGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

Frábær ferð og nóg um að vera

Eins og kemur fram í frétt á forsíðu var útilega síðasti viðburðurinn í dagskrá frístundamiðstöðvanna í Breiðholti á þessu skólaári en sumaropnanir fyrir 8. til 10. bekk voru til 8. júlí.

Þessar skemmtilegu myndir voru teknar í útileguferð

þar sem slegið var upp tjöldum og skemmt sér við ýmsa viðburði. Ekki má heldur gleyma veitingum því allir þurfa að nærast og ekki síður í góðviðri á útivistardögum.



Breiðholtsblaðið

www.borgarblod.is



Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Með lík í loftinu

Í haust kemur út hjá Bókaútgáfunni Hólum í Breiðholti bókina Líkið er fundið – Sagnasamtíningur af Jökuldal eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson. Við á Breiðholtsblaðinu fengum að kíkja í handritið og noppuðum þaðan nokkrum sögum, sú fyrsta sem birtist hér er af Kolbeini Inga Arasyni flugmanni, sem þrátt fyrir miklar tengingar austur á land hefur nú um langt skeið búið í Breiðholti.

Kolbeinn Ingi Arason flugstjóri flaug lengi hjá Flugfélagi Austurlands og var staðsettur á Egilsstöðum. Sá hann þar um leiguflug hvers konar og var oft mikið að gera. Einhverju sinni fékk hann boð um að fljúga til Hornafjarðar, taka þar lík af manni sem hafði dáðið vofeiflega og fara með það suður til Reykjavíkur til krufningar. Kolbeinn brá við skjótt, flug suður á Hornafjörð og lenti þar. Á flugvellinum beið bíll með líkið. Það var í svörtum líkpoka og í körfu sem var borin inn í vélina og ströppuð niður með þar til gerðum útbúnaði. Eftir það var dyrum vélarinnar lokað og Kolbeinn fór í loftið, stefndi til Reykjavíkur.

Þetta gekk allt ljómandi vel framan af. Það var ekki fyrr en vélin var komin í fulla hæð með tilheyrandi lækkuðum loftþrýstingi að undarlegir atburðir tóku að gerast. Það byrjaði með því að Kolbeinn heyrði hljóð upp úr líkpokanum. Líkið ropaði með miklum hávaða og stuttu seinna leysti það vind með ekki minni látum. Síðan heyrði Kolbeinn að það var hreyfing í pokanum. Líkið var farið að aka sér til, það var á hreyfingu – hann heyrði skjáfið en það var orðið skuggsýnt og hann gat illa séð hvað var að gerast. Hann sat ólaður niður í flugmannssætið og mátti sig ekki hræra þaðan.

Aðspurður hvernig honum hafi líðið þegar þetta var að gerast segir Kolbeinn:

„Þetta var ekki þægilegt, Ég hafði aldrei áður flutt lík og ég hafði einfaldlega ekki hugmynd um hvað var að



Kolbeinn Ingi Arason flugstjóri.

gerast. Ég ætla ekkert að rifja það upp sem fór í gegnum hugann. Það er langt um liðið og farið að fyrnast yfir mestu geðsveiflurnar. En til Reykjavíkur komst ég og lenti heilu og höldnu og lögreglubíllinn kom og sótti líkið. Næst þegar ég flutti lík til krufningar fékk ég föður minn, sem þá var orðinn eftirlaunamaður, til að sitja í vélinni með mér. Það er strax skárra, þegar líkið fer á hreyfingu, að hafa líka einhvern annan félagsskap.“

Svavar Pétur sýnir í Gerðubergi



Svavar Pétur Eysteinnsson eða Prins Póló.

Svavar Pétur Eysteinnsson sem einnig er þekktur undir listamannsnavninu Prins Póló sýnir ljósmyndir, prentverk, vídeóverk og skúlptúr undir heitinu Hvernig ertu og stendur sýningin 28. ágúst nk.

Á sýningunni blandar Svavar saman eigin tónverkum, myndlist og ljósmyndum, en samhliða undirbúnings á sýningunni hefur Svavar unnið að nýrri hljómplötu sem kemur út á opunardegi sýningarinnar. Svavar er mörgum kunnur fyrir tónlist sína en vinnur einnig texta, tónlist og myndræna framsetningu jöfnum höndum. Í verkum sínum sækir hann oft innblástur í "sjoppulegan" hversdagsleikann, með litríkri upphafningu og húmor. Svavar Pétur er alinn upp í Breiðholti og því er mikill fengur fyrir Borgarbókasafnið að fá tækifæri til að sýna verk Svavars sumarið 2022.

HÓLAGARÐUR

- Persónuleg þjónusta í vinalegu umhverfi -

ÁLFURINN
SPORTBAR

Apótekið
- einfalt og ódýrt

KLIPP-ART
HÁRGREIÐSLUSTOFAN

Fætur & fegurð
HÓLAGARÐI - LÖUHÖLLUM 2-4 - Sími 557 5959

AfroZone

BONUS
býður betur

Brynja

pikni

DZIEN
DOBRY

Sarin
- nuddstofa

PIZZAN

EVSTA FLORUS HÖFTARA
MEISTARINN
Í HVERFINU

HEILSUEFLANDI BREIÐHOLT

Góðir aðilar í samstarf um íslenskupjálfun í Breiðholti

Tilraunaverkefnið Frístundir í Breiðholti hefur að markmiði að fjölga þátttöku í íþróttum og frístundum, en einnig að auka félagslega þátttöku barna með erlendum bakgrunn með notkun á íslensku. Hafa aðgerðir miðast að því að aðstoða börn sem ekki stunda íþróttir og frístundir til aukinnar þátttöku og að auka framboð til íþróttar og frístunda. En einnig að bjóða upp á að æfa sig í íslensku í leik og starfi. Í síðasta Breiðholtsblaði kom fram í pistli mínum ýmis verkefni sem sett voru af stað til að auka aðgengi og auk fjölbreytnina.



Jóhannes Guðlaugsson.

Hér vil ég segja í stuttu máli frá tveimur verkefnum sem snúa að þjálfun barna, og fullorðinna, með erlendum bakgrunn á íslensku þ.e. Íslenskuhorninu og Tungumálatöfrum. Bæði námskeiðin miða að því að þjálfa sig í íslensku, með mismunandi áherslum. En þessi námskeið eru tilkomin af ósk íbúa með erlendum bakgrunn til að fá þjálfun í að nota íslensku, þ.e. ekki áhersla á málfræði.

Íslenskuhornið er búið að vera starfandi síðustu 6 vikur og verður áfram í ágúst, september og október. Er það fyrir fullorðna og hefur Sigurður Ingi Ásgeirsson veg og vanda að því námskeiði. Hugmyndafræðin er sprottin af erlendri fyrirmynd English-Corner, þar sem fólk kemur saman til að ræða ákveðin þemu og æfir sig í að nota hugtök í samræðum og búa til setningar. Þemun geta verið vinir, fjölskylda, heimilið ofl. Nánast allir sem skráðu sig í vor höfðu spænskan bakgrunn og því þurfti að bregðast við breytingum því tengdu, sem Sigurður gerði lista vel. Skráning fór fram úr björtustu vonum og eftirspurnin meiri. Því verða fleiri slík námskeið næsta vetur.

Tungumálatöfrar

Tungumálatöfrar er hópur frá Ísafirði sem haldið hefur námskeið fyrir börn til að æfa sig í íslensku í gegnum listir; söng, myndlist, leiklist o.fl. Suðurmiðstöð hóf samstarf við Tungumálatöfra um að prófa eitt slíkt námskeið í Breiðholti. Námskeiðið var dagana 20. til 25. júní síðastliðin í Fellaskóla og var skráning góð. Þema námskeiðsins var fuglar. Álfrún Gísladóttir kenndi á námskeiðinu, auk þess sem hún hefur stjórnað skipulagi í samstarfi við Frístundir í Breiðholti og Frístundamiðstöðina Miðberg. Gerði Álfrún vel í því að fá RÚV til sín til að fjalla um afrakstur námskeiðsins sem endaði með hátíð, skráðgöngu og matarupplifun fyrir börnin og foreldra. Auk þess fékk hún góða umfjöllun í síðdegisútvarpi Rásar 2 í aðdraganda hátíðarinnar, þ.e. á föstudeginum 24. júní. Hægt er sjá og heyra í Sarpi RÚV frá 24. og 25. júní.

Eiga þessi námskeið það sammerkt að óskir hafa komið frá hópum fólks af erlendum uppruna um slík námskeið fyrir börn og unglunga. Frístundir í Breiðholti, Suðurmiðstöð, mun halda þannig vinnu áfram og teljum við mikilvægt að Hlusta á Hverfið í gegnum fleiri verkefni af fjölbreyttum toga.

Jóhannes Guðlaugsson
Frístundatengill hjá Frístundir í Breiðholti, Suðurmiðstöð.

FALLEGIR LEGSTEINAR

ERUM FLUTT

Eyrartröð 16
220 Hafnarfirði

Opið 11-16
alla virka daga



Bergsteinar
legsteinagerð

Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði
sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Getraunarnr. 111

www.leiknir.com

Leiknir var stofnað 1973



Austurbergi 1, Efra Breiðholti

Eyjólfur snýr aftur

Eyjólfur Tómasson, gullaldamarkvörður Leiknis, vissu að kappinn hefur hlaupið undir bagga með liðinu sínu annað slagið þegar vantað hefur mann milli stanganna á æfingum þó hann hafi ekki spilað leik í þrjú ár. Nú hefur hann stigið skrefið enn lengra og gert félagaskipti úr KB í Leikni til að geta verið löglegur ef kallið kæmi, eins ólíklegt og það ætti að reynast, inni á vellinum.

Eins og greint var frá í síðustu viku er Bjarki Arnaldar á leið til Bandaríkjana að spila í háskólaboltanum síðar í mánuðinum. Þá fer markvarðateymið að þynnast töluvert ef Viktor Freyr yrði fyrir skakkaföllum en Atli Jónasson verður þó áfram varamarkvörður liðsins og kæmi inn fyrir okkar númer 1 ef svo færi. Eyjó mun því vera varaskeifa í orðsins fyllstu merkingu og þriðji markvörður. Leikmannagugginn er því kominn af stað í 111 með nostalgíuásvafi þó þessi viðskipti séu kannski ekki líkleg til að gera útslagið í baráttunni sem framundan er.



Eyjólfur Tómasson.

Vigfús í heiðurshöll Leiknis

Vigfús Arnar Jónsson var á mánudag tekinn inn í Hofið, heiðurshöll Leiknis. Fúsi er uppallinn miðjumaður sem spilaði 164 leiki í deild og bikar fyrir meistaraflokk.

Kappinn reyndi fyrir sér hjá minni spámönnum eins og KR og Fjölni í efstu deild áður en hann tók þátt í ævintýrinu að koma Leikni með glæsibrag upp í efstu deild með því að vinna 1. deildina 2014. Svo hætti hann bara fótboltaðkunn og sagði bless. Sumarið 2018 var Vigfús aðstoðarþjálfari Kristófers í meistaraflokki og tók við liðinu í vondum málum sem aðalþjálfari eftir aðeins 3 deildarleiki. Aftur sigldi hann skútu Leiknis í örugg höfn og hætti svo þjálfun og sagði bless. Hefur ekki sést með flautu í munni eða skeiðklukku um hálsinn síðan.



Vigfús Arnar Jónsson.



www.leiknir.com



Frístundastyrkurinn hækkaður

Borgarráð hefur samþykkt að hækka frístundastyrk í 75.000 krónur fyrir hvert barn þann 1. janúar 2023. Frístundastyrkurinn er ætlaður 6 til 18 ára börnum og unglungum með lögheimili í Reykjavík. Hægt er að nýta styrkinn fyrir íþróttar-, lista- og tómsundastarf. Samþykktin byggir á tillögu menningar-, íþróttar- og tómsundaráðs.

Frístundastyrkurinn er árlegur styrkur fyrir íþróttar-, lista- og tómsundastarf barna og honum ráðstafað af fjölskyldum til tómsunda hjá hjá aðildarfélagum Frístundakortsins. Í tilkynningu frá borginni segir að markmið með hækkan frístundastyrksins sé að auka þátttöku barna í frístundum. „Frístundastyrkurinn er samfélagsverkefni sem hefur það að markmiði að tryggja að opinber stuðningur skili sér sem best og nýttist vel þeim sem vegna efnahags eða félagslegra aðstæðna eiga ekki jafn auðvelt og aðrir að taka þátt í skipulögðu



Ungt fólk í fótbolta í Breiðholti. Hægt er að nýta styrkinn fyrir íþróttar-, lista- og tómsundastarf.

frítímastarfi. Styrkurinn er einnig mikilvægur liður í lýðheilsustefnu borgarinnar,“ segir einnig í tilkyn-

ningunni. Kostnaður borgarinnar vegna hækkanar frístundastyrksins nemur 443 milljónum króna.

Flottir fulltrúar ÍR náðu í brons í Finnlandi

Þann 29. júní – 3. júlí fór fram Norðurlandamót u16 og u18 landsliða í körfubolta í Kisakallio í Finnlandi. ÍR-ingar áttum fimm frábæra fulltrúa í liðunum. Þeir Lúkas Aron Stefánsson, Magnús Dagur Svansson og Stefán Orrí Davíðsson voru fulltrúar ÍR í u16 ára liði karla og þeir Leó Curtis og Óskar Víkingur Davíðsson í u18 ára liði karla.

Bæði lið byrjuðu mótið á sterkum sigrum gegn Norðmönnum, Dönnum og Eistum og voru því í kjörstöðu fyrir síðustu tvo leikina. Þar töpuðu bæði lið fyrir sterkum liðum Svíþjóðar og heimanna í Finnlandi. Niðurstaðan því 3. sæti hjá báðum liðum. Framtíðin er svo sannarlega björt hjá ÍR og íslenskum körfubolta og fer þetta eflaust í reynslubanka leikmanna að fá að mæta sig við bestu leikmenn Norðurlanda.



Samið við unga körfuknattleiksmenn

ÍR hefur samið við fimm unga og efnilega körfuknattleiksmenn sem eru fæddir á árunum 2003 til 2006. Þeir eru Jónas Steinarsson fæddur 2003, Aron Orra Hilmarsson fæddur 2004, Friðrik Leó Curtis fæddur 2005, Óskar Víkingur Davíðsson fæddur 2005 og Stefán Orra Davíðsson fæddur árið 2006.

Aron og Stefán eru leikstjórnendur og munu veita erlendum leikstjórnanda liðsins veglega samkeppni. Aron hefur verið viðloðandi yngri landslið Íslands og meistaraflokk ÍR undanfarin ár og Stefán er hluti af u16 ára landsliðinu. Jónas er hávaxinn leikmaður sem getur bæði leyst stöðu framherja og miðherja. Jónas var hluti af u18 landsliði Íslands í fyrra. Friðrik Leó og Óskar geta báðir leyst ýmsar stöður á veltinum og eru báðir hluti af U18 ára landsliði Íslands í ár.



Friðrik Leó Curtis hefur skrifað undir nýjan samning við ÍR. Ljósmynd/ÍR.

Karen Tinna áfram hjá ÍR

Karen Tinna Demian hefur framlengt samning sinn við handknattleiksdeild ÍR um tvö ár. Karen er aðeins 23 ára leikmaður og hefur verið iðin við að skora.

Nú fer öll handboltastarfsemi vonandi að færast inn í nýja salinn og verður spennandi að fylgjast með hvað sú uppbygging hefur í för með sér, segir í frétt frá ÍR.



Karen Tinna Demian.

Guðrún Karitas og Elísabet Rut öflugar á Nordic-Baltic

Guðrún Karitas Hallgrímsdóttir og Elísabet Rut Rúnarsdóttir voru öflugar á Nordic-Baltic U23 2022 í Malmö Erna Sóley með vann gull og Guðrún Karitas brons á leikunum, Guðrún Karitas og Elísabet Rut kepptu báðar í sleggjukasti. Guðrún Karitas landaði bronsinu og var mjög nálægt sínu besta með kasti upp á 59,30 metra. Elísabet Rut kom rétt á eftir henni með 59,08 metra í fjórða sæti.

Tíana Ósk varð í 7. sæti í 100 metra hlaupi á 11,74 sek. Og varð fjórða í sínum riðli. Ingibjörg Sigurðardóttir varð í 9. sæti í 400 metra grindahlaupi á 65,87 sek.

Sigursteinn Ásgeirsson varð í 6. sæti í kúluvarpi með 15,12 metra. Erna Sóley sigraði í kúluvarpi með kast upp á 16,52 metra. Tíana Ósk



Guðrún Karitas Hallgrímsdóttir.

varð í 8. sæti í 200 metra hlaupi á 24,60 sek. en Guðbjörg Jóna gat því miður ekki klárað hlaupið þar sem



Elísabet Rut Rúnarsdóttir.

gömul meiðsli tóku sig upp aftur eftir tæpa 100 metra.

ALLTAF FULLT BORD AF FERSKUM FISKI OG FISKRÉTTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.

FISKBÚÐ  HÓLMGEIRS
MJÓDD



ÁFRAM ÍR

Joserabúðin
Ögurhvarfi 2
joserabudin.is

Josera
Þrátt af smáttu



Voffsalega skemmtileg gældudýrabúð!

SmíðaVík

GÓÐIR Í GLUGGUM OG HURÐUM

Ef þarf að skipta út gleri,
bæta þéttingu glugga og hurða,
lagfæra glugga og hurðir
eða skipta því út fyrir nýju
erum við réttu mennirnir.

Við höfum góða reynslu í þessum efnum.

smidavik@smidavik.is

sími 898-0503

Guðlaugur



Heimasíða ÍR: www.ir.is



TAKMARKAÐ
UPPLAG!



súperstar Íspinni



50 ÁRA
AFMÆLIS
ÚTGÁFA

SÆTUR OG SVALUR

Nældu þér í alvöru nostalgiu með Súperstar íspinnanum sem var fyrst framleiddur fyrir 50 árum síðan. Ljúffengur mjólkurís með kaffibraugði og gómsætum súkkulaðihjúp.